

## Viðauki

### við rammSAMning um sjúkraþjálfun dags. 13. febrúar 2014.

Í grein 6.1 bætist við nýr gjaldliður sem nefnist Meðferð barna í leikskóla. Númer gjaldliðar og einingar verða eftirfarandi

Númer gjaldliðar	Gjaldliður	Einingar
14	Meðferð barna í leikskóla	200

Nánari skilgreining á gjaldliðnum í grein 6.3 verður eftirfarandi:

#### Meðferð barna í leikskóla.

Með meðferð barna í leikskóla er átt við meðferð hreyfihamlaðra barna eða barna sem eru með frávík frá eðlilegum hreyfiþroska og þurfa á þjálfun að halda oftar en einu sinni í viku. Leita þarf samþykkis SÍ fyrirfram fyrir meðferð barna í leikskóla. Sjúkraþjálfari sendir umsókn til SÍ þar sem fram kemur rökstuðningur fyrir nauðsyn þess að barnið fái þjálfun í leikskóla. Almenn er samþykkt eitt skipti á viku vegna þjálfunar í leikskóla, því til viðbótar er nauðsynlegt að barnið fái þjálfun á stofu sjúkraþjálfara.

Gengið er út frá því að hvorki sjúkratryggingar né sjúkraþjálfari beri kostnað af aðstöðu eða rými til þjálfunar innan leikskólans.

Viðauki þessi gildir frá 1. október 2014 og er háð gildistíma og aðild að rammSAMningi um sjúkraþjálfun dags. 13. febrúar 2014.

Reykjavík, 28. ágúst 2014

F.h. Sjúkratrygginga Íslands

*Austlaug Björnsd*  
*Frjálsbjörg Þorsteinsson*